

Alþingi  
Erindi nr. Þ 138/1365  
komudagur 24.3.2010



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. mars 2010

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um setningu reglna um hámarks magn transfitusýra í matvælum, 20. mál.**

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins taka heils hugar undir það sjónarmið að takmarka beri innihald transfitusýra í matvælum eftir föngum. Að því hefur matvælaíðnaðurinn, bæði hér á landi og annars staðar, unnið hörðum höndum á undanförunum árum.

Samtökin gerðu athugasemdir við samhljóða þingsályktunartillögu fyrir réttu ári síðan og bentu þá m.a. á að miklar breytingar hafa átt sér stað á transfitusýruinnihaldi margra matvæla á íslenskum markaði frá því að Dr. Stender, sem vitnað er til í greinargerð með tillögunni, gerði sínar mælingar. Greinargerðin ber það með sér að flutningsmenn hafa hvorki kynnt sér efni umsagnar SA og SI frá síðasta ári né þau vísindalegu gögn sem þar er vitnað í. Matís hefur mælt fitusýrur í flestum þeim matvælum sem talin eru áhættusöm m.t.t. transfitusýra á síðustu tveimur árum og benda niðurstöðurnar eindreglð til að verulega hafi dregið úr innihaldi transfitusýra. Frá því eru örfáar undantekningar þar sem vitað er að iðnaðurinn vinnur nú að úrbótum en hefur ekki tekist að losna við transfitusýrur að fullu. Því starfi verður ekki hætt fyrr en fullur árangur hefur náðst.

Samtökin ítreka fyrri umsögn sína og vísa jafnframt til nýjustu rannsókna Ólafs Reykdal, sérfræðings á Matís, sem eru birtar í frétt á slóðinni: <http://www.matis.is/um-matis/frettir/2010/01/27/nr/2618>. Heildarniðurstöður mælinga frá árinu 2009 eru birtar á vef Matís á slóðinni: [http://www.matis.is/media/frettir/Fitusyrur\\_2008\\_09\\_Skyrsla\\_Frett\\_Jan2010.pdf](http://www.matis.is/media/frettir/Fitusyrur_2008_09_Skyrsla_Frett_Jan2010.pdf).

Þá má benda á að í vísindalegu álit Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA), frá janúar 2008 um kröfur til næringarinnihalds matvæla sem mega bera næringar- eða heilsufullyrðingar, er talið að neysla á transfitusýrum hafi minnkað það mikið á síðustu árum að mikilvægi þeirra fyrir heilsu almennings sé hverfandi, sjá skýrslu á slóðinni: <http://www.efsa.europa.eu/en/scdocs/doc/s644.pdf>.

Samtökin ítreka að upplýsingar, sem vitnað er til í greinargerð með tillögunni, eru algerlega úreltar. Í ljósi þess árangurs, sem þegar hefur náðst við að útrýma transfitusýrum úr íslenskum matvælum, telja Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins ekki tilefni til að eyða takmörkuðum tíma og fjármunum Matvælastofnunar í reglusetningu á þessu sviði.

Virðingarfyllst,

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Pétur Reimarsson,  
forstöðumaður stefnumótunar- og samskiptasviðs

Ragnheiður Héðinsdóttir,  
forstöðumaður matvælasviðs